



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Landsmóti hestamanna**

**Víðidal, Reykjavík
6. júlí 2024**

Ágætu landsmótsgestir,
forystuveit hestamanna,
knapar og þið öll!

Ég þakka þann heiður að vera með ykkur hér á Landsmóti. Margt gott má auðvitað um Landsmót hestamanna segja. Hér er keppt og stefnt að sigri í skemmtilegri íþrótt en hér kemur fólk líka saman, rifjar upp gömul kynni og myndar ný vinabönd. Og hér kemur saman hið rammíslenska og hið alþjóðlega – íslenski hesturinn hefur jú verið kallaður sendiherra Íslands á erlendri grund. Já, íslenski hesturinn er dásamlegasti hesturinn í heiminum. Nú er ég auðvitað farinn að hljóma eins og nafni minn Ágústsson og það verður að viðurkennast að síðasta setningin er bein tilvitnun í eina af lofræðum hans um þarfasta þjóninn.

Það verður þá líka að viðurkennast að sjálfur er ég því miður ekki mikill hestamaður; kynni við gæðinga voru ekki hluti af mínu uppeldi. MC Gauti syngur hér á eftir og ég leyfi mér líka að vitna í línur í einu af hans þekktu lögum: „Hvað veit ég um ... gróður, ég er alinn upp á malbiki.“

Kæru landar, kæru vinir! Síðustu átta ár hef ég þó notið þess að kynnast landi og þjóð á bestu vegu sem hægt er að hugsa sér, meðal annars í hópi hesta og hestamanna hér heima og erlendis. Og ég hef meira að segja náð að detta af baki, nánast að forseta sið ef svo má segja.

Þar að auki þarf maður ekki að vera í hnakki til þess að vita að saga hests er samofin sögu manns á þessu eylandi, í blíðu og stríðu. Kannski er eitthvað til í því sem Stefán frá Möðrudal sagði á sínum tíma. „Ég hef aldrei skilið þá menn,“ sagði fjallakunstnerinn, „sem treysta sér til að ganga hnarreistir um götur

án þess að eiga gæðinga. Ég held að slíkum mönnum hljóti að líða einhvern veginn eins og þeir séu bara lappalausir, svei mér þá.“

Já, hver veit nema maður muni eiga hestakaup hér áður en yfir lýkur! Nóg er landnáðið á Bessastöðum. Nú þegar líður að lokum minnar búsetu á þeim fagra stað reikar hugurinn einmitt til þeirra góðhesta sem þar hafa bitið gras, allt frá landnámi til okkar daga. Þessi misseri hafa Álftnesingar sín hross gjarnan á beit við Bessastaði en ætli frægasti gæðingur í sögu staðarins sé ekki Sóti – sá sem hestamannafélag okkar Álftnesinga er einmitt nefnt eftir.

Ég þreyti ykkur ekki með löngum sögum en Grímur Thomsen, stórskáld og bóndi á Bessastöðum, átti þann mæta fák. Þið þekkið eflaust þau kvæði Gríms þar sem góðhestar koma við sögu – Skúlaskeið þegar þeir eltu hann á átta hófahreinum og aðra tvenna höfðu þeir til reiðar en Skúli gamli sat á Sörla einum; nú eða á Sprengisandi þar sem sögumaðurinn reiðir sig á fararskjótann – Drottinn leiði drösulinn minn, drjúgur verður síðasti áfanginn ... Vænsta klárinn vildi ég gefa til að vera kominn ofan í Kiðagil.

Mikið vildi ég að kvæði af þessu tagi muni lifa áfram með íslenskri þjóð. Sjáum hvað setur en hitt veit ég að þið, sem hér eruð, munuð áfram sinna íslenska hestinum af kostgæfni, hestakyninu og okkur öllum til heilla. Og um leið og ég óska Höllu Tómasdóttur alls velfarnaðar á forsetastóli veit ég að þið hestamenn munuð taka eins vel á móti henni og þið hafið gert þegar ég hef átt í hlut. Einnig þykist ég vita að hún muni styðja við hestamenn með ráðum og dáð því að þegar rétt er á málum haldið kemur í hestamennsku saman allt það sem einkennir öflugt samfélag; dugnaður hvers og eins en líka samvinna og samkennd, virðing fyrir náttúru og öllu lífi, sú vitneskja að það er betra að gera hlutina vel en illa.

Ágætu hestamenn! Ég ítreka þakkir mínar og kveðjur til mótshaldara og allra sem sækja þetta glæsilega landsmót. Landsmótin lengi lifi!